

Rangárþing ytra

Suðurlandsvegi 1  
850 Hella

Reykjavík, 29. september 2016

Tilvísun: 201609013 / 5.1

---

## Efni: Hótel í landi Heysholts, Rangárþingi ytra - beiðni um umsögn

---

ARKÍS hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu móttækin 22. september 2016, um ofangreinda framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir að Rangárþing ytra gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 14. október 2016 og einnig á tölvupóstföngin: sigurdur@skipulag.is og holmfridur@skipulag.is.

  
Sigurður Ásbjörnsson

Umsagnaraðilar: Rangárþing ytra, Ferðamálastofa, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Veðurstofa Íslands og Vegagerðin.

